




Hlutfall fjármálastjóra sem telja **stýrivexti** Seðlabanka Íslands **of háa**




Hver af eftirfarandi fullyrðingum telur þú að eigi við um **ávöxtunarkröfu ríkisskuldabréfa?**




Hver af eftirfarandi fullyrðingum telur þú að muni eiga við um **OMX18** vísitöluna **eftir 6 mánuði?**




Telur þú að **útgáfa nýs hlutfjár** sé hagkvæm fjármögnunarleið fyrir fyrirtæki við núverandi aðstæður?




Telur þú að **útgáfa skuldabréfa** sé hagkvæm fjármögnunarleið fyrir fyrirtæki við núverandi aðstæður?




Telur þú að **ný lántaka hjá bönkum** sé hagkvæm fjármögnunarleið fyrir fyrirtæki við núverandi aðstæður?




Hvernig metur þitt fyrirtæki **álag** banka á grunnvexti vegna lánveitinga?



Þeir sem telja að **hagvöxtur** á Íslandi á næstu tveimur árum **muni aukast**



Hvað telur þú að eigi við um **verðmat á atvinnuhúsnæði?**



Varkár bjartsýni


Íslenskir fjármálastjórar eru bjartsýnni á efnahags-umhverfið en áður, en hvað varðar rekstrar-umhverfi fyrirtækja gætir aukinnar varkárni.

BJARNI ÓLAFSSON
bjarni@vb.is

Merkja má aukna bjartsýni varðandi efnahags-umhverfið meðal íslenskra fjármálastjóra, en meiri varkárni gætir varðandi rekstrarumhverfi fyrirtækja. Kemur þetta fram í niðurstöðum fjármálastjórákönnunar ráðgjafarsviðs Deloitte meðal stærstu fyrirtækja á Íslandi. Tilgangur hennar er að sýna mat fjármálastjóra á stöðu fyrirtækja og efnahagsumhverfisins. Þessi könnun er gerð tvisvar á ári og er þetta í fjórða sinn sem könnunin er framkvæmd. Sendur var spurningalisti til fjármálastjóra 300 stærstu fyrirtækja landsins.

Aðspurðir telja um 83% fjármálastjóra að hagvöxtur muni aukast á næstu tveimur árum en fyrir einu ári síðan töldu um 57% fjármálastjóra von á auknum hagvexti. Bjartsýni ríkir um hlutabréfamarkaðinn og telja fjármálastjórar að Úrvalsvísitala Kauphallarinnar muni hækka nokkuð á næstu sex mánuðum.

Hvaða ytri áhættuþættir hafa helst áhrif á rekstur þíns fyrirtækis?



Afnám hefði jákvæð áhrif


Spurt var um áhrif afléttingar gjalddeyrishafta á rekstur fyrirtækja. Rúmlega helmingur fjármálastjóra telur að aflétting gjalddeyrishafta hefði jákvæð áhrif en um 38% telja að það hefði engin áhrif og 7% telja að aflétting gjalddeyrishafta hefði neikvæð áhrif á viðkomandi fyrirtæki.

Hafa áhyggjur af kjarasamningum og vaxtastigi


Niðurstöður sýna að áfram er ákveðin óvissa í rekstrarumhverfi fyrirtækja og að fjárhagslegar

horfur eru óbreyttar. Helstu ytri áhættuþættir í rekstri fyrirtækja sem voru nefndir eru áhrif kjarasamninga, vaxtastig og verðbólga. Í kjölfar síðustu vaxtahækkunar Seðlabankans í byrjun nóvember telja 97% fjármálastjóra stýrivexti of háa. Meirihluti fjármálastjóra telur að mikið framboð af lánsfé sé til staðar en að kostnaður við lánsfé sé hár. Fjármálastjórar telja almennt ekki góðan tíma nú til að auka áhættu í efnahagsreikningi. Þó að fjármálastjórar séu varkárir þá er gert ráð fyrir að hagnaður fyrirtækja muni aukast milli ára frá 2015 til 2016 og rúmlega helmingur fyrirtækja áætla að fjárfesta í varanlegum

Hvaða áhrif myndi aflétting gjalddeyrishafta hafa á þitt fyrirtæki?



Hlutfall fjármálastjóra sem telja íslensk fyrirtæki of skuldsett



Hver er líkleg þróun varðandi skuldsetningu fyrirtækisins á næstu 12 mánuðum?

